



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað vegna stöðu á samþættingu þjónustu

Dags: 14. september 2022

Málsnúmer: 201603286/10.4

Málsmeðferð: Til kynningar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjöl意思dóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Inngangur

Á árinu 2016 hófst umræða um breytt fyrirkomulag heimaþjónustu Mosfellsbæjar með það að markmiði að bæta þjónustuna.

Eir hjúkrunarheimili hefur séð um framkvæmd heimaþjónustu frá árinu 2007 samkvæmt samningi þar um milli Eirar og Mosfellsbæjar og er sú þjónusta veitt frá Eirhömrum til allra íbúa Mosfellsbæjar. Einnig hefur Eir verið með samning við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá 2008 þar sem þau veita heimahjúkrun fyrir íbúa Eirhamra.

Til viðbótar veitir Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins heimahjúkrun á dagvinnutíma til íbúa Mosfellsbæjar sem búa utan Eirhamra. Frá árinu 2009 hefur síðan velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitt heimahjúkrun til íbúa Mosfellsbæjar sem búa utan Eirhamra á kvöldin og um helgar.

Greinargerð

Hið margþætta fyrirkomulag á veitingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu kallaði á þá umræðu sem hófst 2016. Var þar vilji til að skoða samþættingu á þjónustu milli þeirra aðila sem veita heimaþjónustu og heimahjúkrun til íbúa Mosfellsbæjar til að jafna aðstöðu íbúa sem búa utan Eirhamra við þá sem búa á Eirhömrum.

Í kjölfarið fylgdu fundir og samtöl milli allra aðila um hugmyndir að breytingum, meðal annars með því að greina fjölda notenda, verkþætti, kosti og hindranir við slíka samþættingu. Stóð samtal þess efnis fram til loka árs 2019 án þess að það samtal endaði með breytingum á fyrirkomulagi.

Helsta hindrun vegna heimahjúkrunar hefur verið fámenni notenda í þjónustu heimahjúkrunar á kvöldin og um helgar þar sem mikið hagræði hefur verið talið í því að velferðarsvið Reykjavíkur sinni þeirri þjónustu fyrir Heilsugæsluna. Samningar um heimahjúkrun eru ekki á forræði Mosfellsbæjar og er því allt samtal um samþættingu háð því að Heilsugæslan sé tilbúin í að taka kvöld- og helgarþjónustu heimahjúkrunar yfir til sín.

Niðurstaða

Samtal um samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu hófst á árinu 2016 og hefur ekki verið virkt frá því í lok árs 2019 án niðurstöðu í því máli.

Meðfylgjandi þessu minnisblaði er heildarsamantekt um þjónustuna sem unnin var á árinu 2019 af fyrrverandi framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs þar sem koma fram styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri við samþættinguna.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjöl意思dóttir